

Fundargerð 10. fundar Landbúnaðar- og atvinnumálanefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 20.03.2025
Fundartími: 16:00 - 18:05

Fundinn sátu: Stefán Geirsson, Guðmundur Bjarnason, Harpa Magnúsdóttir
Fundargerð ritar: Guðmundur Bjarnason

Dagskrá:

1. Drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu
2. Samþykkt um búfjárhald

Fundargerð:

1. Drög að Atvinnumálastefnu neðri hluta Árnessýslu
Nefndin fór yfir drögin og kom með eftirfarandi punkta:
 - a. Glæra 11 - liður nr. 2 “Stuðla að fjölgun möguleikum óstaðbundinna starfa...” þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “Stuðla að fjölgun á möguleikum til óstaðbundinna starfa...”.
 - b. Glæra 11- liður nr. 2 “Styðja við fjölgun á húsnæði...” Þarf að skoða orðalag. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “Stuðla að auknu framboði á húsnæði..”.
 - c. Glæra 12 - liður nr. 6 Í samstarfsaðilar stendur: “HMS” . Nefndin leggur til að skammstafanir verði skrifaðar út, í þessu tilfelli verður: “Húsnæðis- og Mannvirkjastofnun”, jafnvel hafa skammstöfun þá innan sviga. Þetta mætti skoða á fleiri glærum.
 - d. Glæra 13 - liður nr. 8 “..... styðja við frumkvöðla á öllum aldri með fræðslu, aðst....” hér væri gott að bæta við kyni og þjóðerni. Nefndin leggur til eftirfarandi orðalag: “styðja við frumkvöðla óháð aldri, kyni og uppruna, með fræðslu, aðst....”.
 - e. Glæra 13 - liður nr.9. “Samstarfsaðilar: Menningarnefndir og félög”. Nefndin leggur til að skoða hvort að söfn á svæðinu eigi að heyra undir samstarfsaðila í þessum lið.
 - f. Glæra 12 - liður nr.12 “...nýta þekkingarstarfsfólk á svæðinu til uppbygg...” Orðið “Þekkingarstarfsfólk” þarf að skýra betur eða breyta.

Að öðruleiti er almenn ánægja með þessa stefnu.

2. Samþykkt um búfjárhald fyrir Flóahrepp.
Nefndin skoðar samþykktir sem eru ný samþykktar hjá öðrum sveitarfélögum.
Nefndin tekur málið fyrir á næsta fundi og sér fyrir sér að komast lengra með þessa vinnu þá.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundi slitið 18:05